



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (breyting á A-deild sjóðsins).**

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) leggst gegn samþykkt fyrirleggjandi frumvarps til laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR)

Stjórnin telur óljóst samkvæmt frumvarpinu hvernig áunnin réttindi núverandi félagsmanna A-deildar verða tryggð, þrátt fyrir skýr ákvæði undirritaðs samkomulags um annað. Þá telur stjórnin óljóst samkvæmt frumvarpinu hvernig framtíðarávinningi réttinda núverandi félagsmanna A-deildarinnar verði háttað.

Stjórnin vekur athygli á að á nokkrum mánuðum hefur mat á tryggingarfræðilegri stöðu LSR versnað um 25,9 milljarða króna á þeim tíma sem leið á milli framlagningar fyrstu útgáfu frumvarpsins og þeirrar útgáfu sem nú er lögð fram. Eins og fram kemur í ágætri greinargerð dr. Oddgeirs Ottesen fyrir stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga frá 9. desember 2016, er stærð Varúðarsjóðs alltof lítil til að tryggja félagsmönnum A-deildarinnar að umsamin og áunnin réttindi skili sér til þeirra þegar til lífeyristöku kemur.

**Réttast og eðlilegast væri, að áliti stjórnarinnar, að loka A-deildinni en starfrækja hana áfram með óbreyttu sniði fyrir þá sem þar eru félagsmenn.** Annarri framkvæmd samræmingar lífeyrisréttinda fylgir óvissa, uggur og grunsemdir um að verið sé að taka af núverandi sjóðfélögum áður áunnum og umsamin réttindi. Önnur framkvæmd eykur auk þess líkur á að rekin verði dómsmál af hálfu núverandi sjóðfélaga til staðfestingar þeirra réttinda sem þeir njóta nú.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Rúnar Vilhjálmsson, formaður